



323. Stjórnarfundur haldinn 3. desember 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum v/ tilkynningu á að rannsókn sé hætt vegna rúðubrots á Hringbraut 108 félagsheimilis.

Afmælisútgáfa Laugdælings. Ungmennafélag Laugdælinga 100 ára.

Tilboð frá Tok vegna sölukerfis. Útrentun reikninga. **Framkvæmdastjóra heimilt að gera samning við Tok vegna kaupa á sölukerfi.**

Bréf frá UMFÍ v/ skipan í landsmótsnefnd.

3. Send bréf.

Bréf sent í tölvupósti til deilda vegna kjörs á íþróttamanni Keflavíkur.

4. Íþróttamaður Keflavíkur.

Búið að senda í tölvupósti og óska eftir tilnefningu frá deildum. Hófið verður 29. desember kl.20:00 2008 í félagsheimili okkar að Hringbraut 108 þar sem kjöri á íþróttamanni Keflavíkur og íþróttamanni viðkomandi deilda verður lýst.

5. Jólblaðið.

EH skýrði frá að jólblaðið væri komið í prentsmiðju. Jólakveðja félagsins til stuðningsaðila vegna auglýsinga í jólblaði félagsins undanfarin ár rædd og samþykkt.

6. Önnur mál.

EH sat fjármálaráðstefnu ÍSÍ og síðan formannafund ÍSÍ sem varaformaður ÍRB.

Umræður um afritatöku af gögnum aðalstjórnar. **Haldið verið áfram að skoða þessi mál.**

Skoða með að opna félagsheimilið fyrir almenning eftir áramót '08-'09. Aðalstjórn telur brýnt að aðstoða bæjarbúa á erfiðum tímum og bjóða uppá dægradvöl í félagsheimili okkar. **Málið í áframhaldandi vinnslu.**

Umræður um hvernig skuli bregðast við ef um brottfall verði eftir áramót á iðkendum vegna kostnaðar við greiðslu æfingagjalda. Þarf að skilgreina hlutverk í stjórnnum deilda og aðalstjórnar. Funda með hluteigandi aðilum og verða til aðstoðar ef á þarf að halda.

Næsti fundur boðaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30
Fundinn ritaði SG

